Sólar ehf ● Kleppsmýrarvegi 8
104 Reykjavík ● 581 4000
www.solarehf.is

**Húsfélagið Strikið 2-12**
B.t. Gunnar
**Strikið 2-12**
**210 Garðabær**

Reykjavík, 9. september 2015

**Varðar: Tilboð í ræstingaþjónustu ofl.**

Sólar ehf, hér eftir nefndur verktaki, gerir Húsfélagið Strikið 2-12, hér eftir nefndur verkkaupi, tilboð miðað við eftirfarandi forsendur:

**1. Innifalið í tilboði**

Verktaki tekur að sér ræstingu ofl. á húsnæði verkkaupa, Strikið 2-12, 210 Garðabær skv. meðfylgjandi teikningum. Eftirfarandi þættir eru innifaldir í tilboðinu:

a. Regluleg ræsting húsnæðisins ásamt öllum afleysingum*
b. Ræstingaefni, moppuþvott og akstur þessu tengt
c. Ræstingaáhöld – rekstur og endurnýjun
d. Útvegun á almennum hreinlætisvörum
e. Verkstjórn og kennsla fyrir ræstingarfólkið
f. Gæðaeftirlit framkvæmt af þjónustustjórum verksala
g. Samskipti og eftirlit með verkinu í anda verktaka

*Almenn ræsting hjá Sólar ehf samanstendur af afþurrkun í seilingarhæð svosem gluggum, speglum, myndum,veggjum og óhreinindum af láréttum flötum, losun á almennu sorpi, ryksugun, blautþvotti á gólfum og alþrifum á salernum.

Einnig er vísað í sérstakan aðgerðaramma sem fylgir tilboðinu og lýsir enn frekar í hverju þjónusta verktaka er fólgin.

**2. Verkefni verkkaupa**

Verkkaupi greiðir sérstaklega fyrir eftirfarandi þjónustu:

a. Hreingerningar**
b. Hreinsun eftir vinnu iðnaðarmanna s.s. vegna húsnæðisbreytinga
c. Hreinlætisvörur, s.s. wc pappír, handþurrkur, handsápu og plastpoka.
d. Allar ræstingar utanhúss
e. Útvega fullnægjandi ræstingaraðstöðu
f. Önnur sérverkefni eins og vélskúrun steinteppa

** Eftirtalið er ekki í daglegri ræstingu en bjóðum upp á aukaþjónustu. Umsjón með endurvinnslu, frágang á bylgjupappa,vökvun blóma, söfnun á leirtaui og uppvaski, söfnun og þrifum á viskustykkjum og tuskum, þvotti, tækjaþrifum, brunastigum, tiltekt og frágang af gólfum, afþurrkun á lofti og ljósum nema annað sé tekið fram í verklýsingu.

**3. Fyrirvarar**

Tilboðið miðast við aðstæður eins og þær eru við útgáfu tilboðs, ef verulegar breytingar hafa átt sér stað á húsnæði eða aðstæðum gæti þurft að endurskoða tilboðið áður en ræstingar hefjast. Einnig er gerður almennur fyrirvari vegna innsláttar eða prentvillna.

SÓLAR

Sólar ehf • Kleppsmýrarvegi 8
104 Reykjavík • 581 4000
www.solarehf.is

**4. Gildistími**
Tilboð þetta gildir í 30 daga frá dagsetningu þess.

**5. Tilboð**
Tilboð verktaka m.v. mánaðargjald án vsk er eftirfarandi:

| | | | |
|---|---|---|---|
| A | Ræstingarþjónusta skv verklýsingu | | |
| B | Ræstiefni, moppuþvottur, akstur, áhöld og tæki | | |
| C | Annað | | |
| | **Samtals mánaðargjald** | **Kr.** | **127.172,-** |

Tilboðið er miðað við eftirtaldar aðrar forsendur:

a. Ræstingarþjónustan skv. meðfylgjandi aðgerðarramma verður framkvæmd mánudaga til föstudaga skv samkomulagi árið um kring. Óska þarf sérstaklega eftir þrifum á almennum frídögum (fyrir utan helgar) Dagvinna er frá klukkan 08:00-17:00.

b. Miðað er við samning um tímamælt ákvæði sem þýðir að ræst er neðan seilingarhæðar.

c. Verðlagsbreytingar á tilboðstölunum eru háðar eftirtöldu:
# Liður A fylgir breytingum á töxtum Stéttarfélagsins Eflingar fyrir ræstingarvinnu
# Liðir B og C fylgja breytingum á vísitölu neysluverðs

**5. Hvað er Sólar ehf?**
Sólar ehf hóf formlega rekstur þann 1. janúar 2002 og er íslenskt þjónustufyrirtæki með starfsvettvang á höfuðborgarsvæðinu. Sérstaða fyrirtækisnins byggir m.a. á nýstárlegri áherslu á stjórnun starfsfólks sem upprunnin er frá Finnlandi og hefur skilað mjög góðum árangri síðan 1988. Hún fellst í því að nálgast viðfangsefnin með hrósi og jákvæðu viðmóti – bæði hvað varðar viðskiptavini og starfsfólk.

Við veitum alhliða faglega þjónustu á sviði ræstinga fyrir fyrirtæki, stofnanir og sveitarfélög m.a. reglulegar ræstingar, hreingerningar, gluggaþvott, teppahreinsun og útvegun allrar hreinlætisvöru.

Sólar ehf er þjónustufyrirtæki með skýra framtíðarsýn og markmið sem miðar að að skila fyrirtækinu í fremstu röð á sviði ræstinga og stjórnunar á næstu árum. Sólarræsting hefur verið leiðandi í innleiðingu umhverfisvænnar ræstingar hér á Íslandi. Félagið hefur hlotið umhverfisvottun Svansins 2007 og hlaut umhverfisverðlaun umhverfisráðuneytissins, Kuðungurinn árið 2008.

Um leið og áhugi þinn er þakkaður á tilboði frá okkur vonumst við eftir því að tilboð okkar sé aðgengilegt og svari þeim óskum sem hafðar eru til þeirrar þjónustu sem boðin er.

Með kveðju,
f.h. Sólar ehf

Sigríður Valdimarsdóttir
Sölustjóri
Sími 581-4000 sigridur@solarehf.is

Númer *866*

Viðskiptavinur **Húsfélagið Strikið 2-12**

Staður **Strikið 2-12**

Vinnusvæði **Allt**




Dags.: **8/24/2015**

Kvarði: **1:600**

**Sólar ehf (c)**

| | |
|---|---|
| Númer | *866* |
| Viðskiptavinur | **Húsfélagið Strikið 2-12** |
| Efni | Verklýsing |

SÓLAR

þrifdagar!

# Verklýsing daglegrar ræstingar

Skýringar á verkteikningu. Litum og kódum.

| | Mán | Þri | Mið | Fim | Fös | Lau | Sun |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **221 Stigar og lyftur á 1. hæð, gangar, anddyri** | | | | | | | |
| Tæma rusl | | x | | x | X | | |
| Fjarlægja ryk og laus óhreinindi af láréttum flötum | | | | x | X | | |
| Blettaþrif á veggjum | | | | x | X | | |
| Ryksuga/blautþvo gólf | | x | | x | X | | |
| Spreyja ilmspreyi á gangana eftir ræstingu | | x | | x | X | | |
| **111 Stigar, gangar** | | | | | | | |
| Tæma rusl | | x | | | | | |
| Fjarlægja ryk og laus óhreinindi af láréttum flötum | | x | | | | | |
| Blettaþrif á veggjum | | x | | | | | |
| Ryksuga/blautþvo gólf | | x | | | | | |
| Spreyja ilmspreyi á gangana eftir ræstingu | | x | | | | | |
| **1f1 Stigar, gangar** | | | | | | | |
| Tæma rusl | | 2/m | | | | | |
| Fjarlægja ryk og laus óhreinindi af láréttum flötum | | x | | | | | |
| Blettaþrif á veggjum | | 2/m | | | | | |
| Ryksuga/blautþvo gólf | | 2/m | | | | | |
| Spreyja ilmspreyi á gangana eftir ræstingu | | x | | | | | |
| **Annað** | | | | | | | |
| Útkeyrsla á ræstivörum, þvotti og hreinlætisvörum | | x | | | | | |
| Afþurrkun á stokk fyrir ofan rennihurðar | | 2/m | | | | | |
| Afþurrkun á stokk fyrir ofan lyftur | | 2/m | | | | | |
| Afþurrkun/ þrif á raufum/þröskuld á lyftu | | 2/m | | | | | |
| Þurrka af glerhurðum | | 2/m | | | | | |
| Þrif á ísskáp í kaffistofu | | | | | | | |
| Endurvinnslubox | | | | | | | |
| Pappakassar | | | | | | | |
| Vökva blóm | | | | | | | |
| Þvottur á tuskum, viskustykkjum | | | | | | | |

| |
|---|
| Starfsmenn ræstingar fara með rusl í ruslagám, loka gluggum, læsa hurðum og setja öryggiskerfi á. |
| Ath. Hvaða dag vikunnar gólf eru blautþvegin og aþurrkun fer fram sést á verkteikningu |
| Í iðnaðareldhúsum er einungis um gólfþrif að ræða |

| | |
|---|---|
| DIT kerfi: | x |
| IVAX kerfi: | |

Salurinn okkar þrifinn á föstudögum.